Jafnlaunakerfi

Efni: Kjaramál - launamál - hlunnindi

Ábyrgð: Mannauðsstjóri Útgáfudagur: 12.11.2024

Jafnlaunakerfi Sjúkrahússins á Akureyri

Sett hefur verið fram jafnlaunastefna fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri til að tryggja að hver og einn starfsmaður fái greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Innleiðing jafnlaunakerfisins tekur mið af ÍST 85:2012 staðlinum. Til að uppfylla kröfur staðalsins eru skjalfestar verklagsreglur sem skýra ábyrgð og aðferðir sem beitt er til að ná fram innleiðingu jafnlaunastefnunnar.

Forstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi sjúkrahússins. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á samþættingu jafnlaunakerfisins við aðra starfsemi sjúkrahússins og tryggir að nægar auðlindir séu tiltækar til að koma upp, innleiða, viðhalda og bæta jafnlaunakerfið.

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs er tilnefndur fulltrúi framkvæmdastjórnar varðandi jafnlaunakerfið og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Mannauðsráðgjafi kjaramála hefur umsjón með rekstri jafnlaunakerfisins og upplýsir æðstu stjórnendur um jafnlaunakerfið, umbætur á því og þann árangur sem næst.

Mannauðsdeild launasetur samkvæmt þeim viðmiðum sem talin eru upp í VR-1245 Ákvörðun launa.

Stýrihópur jafnlaunakerfis er skipaður framkvæmdastjóra hjúkrunar, framkvæmdastjóra lækninga, framkvæmdastjóra mannauðssviðs og mannauðsráðgjafa kjaramála.

Uppbygging jafnlaunakerfisins fylgir meginlínum um uppbyggingu gæðakerfis SAk og er hluti af gæðahandbókinni. Í gæðaskjölum er lýst hvernig unnið er að því að uppfylla kröfur ÍST 85:2012 staðalsins um jafnlaunakerfið og er það gert með stefnuskjölum, verklagsreglum, vinnuleiðbeiningum og skilgreindum skrám sem sýna fram á þann árangur sem næst. Í jafnlaunakerfinu er stuðst við almennar verklagsreglur um rekstur gæðakerfisins en auk þess eru sértækar verklagsreglur sem snúa að jöfnum launum. Fyrir öll skjöl og skrár kerfisins eru skilgreindir ábyrgðarmenn um framkvæmd viðkomandi hluta gæðakerfisins.

Tilvísun:

VR-1245 Ákvörðun launa